

ÞJÓÐVILJINN

Sunnudagur 25. ágúst 1968 — 33. árgangur — 178. tölublað

Mótmælafundur Tékknesk-íslenzka félags- ins í Sigtúni klukkan 14,30 síðdegis í dag

Í dag, sunnudag, gengst Tékknesk-íslenzka félagið fyrir almennum mótmælafundi til stuðnings málstað frjálsrar Tékkóslóvakíu. Fundurinn verður haldinn í Sigtúni og hefst kl. 2,30 síðdegis.

Þar koma fram m. a.: Atli Heimir Sveinsson, Björn Th. Björnsson, Björn Þorsteins-son, Hannibal Valdimarsson, Hermann Guðmundsson, Jón S. Þorleifsson, Magnús Torfi Ólafsson, Olga M. Franzdóttir, Sverrir Kristjánsson, Thor Vilhjálmsson, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þorvaldur Þórarinnsson og Þorsteinn Ö. Stephensen.

Tékknesk útvarpsstöð hefur eftir ríkisstjórn Tékkóslóvakíu:

„Samið með sæmd á fundinum í Moskvu“

Dubcek sagður hafa tekið þátt í viðræðunum, vera farinn heimleiðis til Prag og munu taka aftur við flokksforystu innan skamms – Hernámsliðinu veitt viðnám

□ Þegar „Þjóðviljinn“ fór í prentun síðdegis í gær höfðu þær fréttir borizt að viðræðum tékkóslóvösku sendinefndarinnar sem Svoboda forseti er formaður fyrir við sovétzka ráðamenn væri í þann veginn að ljúka. — Útvarpsstöð í Tékkóslóvakíu kvaðst hafa um það heimildir frá ríkisstjórn landsins að á fundinum í Moskvu hefði verið „samið með sæmd“. Sama útvarpsstöð skýrði frá því að Dubcek flokksritari og Cernik forsætisráðherra hefðu tekið þátt í viðræðunum. Útvarpsstöðin í Brno skýrði frá því að Dubcek myndi aftur taka við forystu kommúnistaflokksins innan skamms og skömmu síðar sagðist tékkóslóvaska sendiráðið í London hafa áreiðanlegar heimildir fyrir því að Dubcek væri á leið heim til Tékkóslóvakíu.

Viðtal við
Magnús Kjartansson
ritstjóra:

„Brot á al- þjóðareglum og sósíal- ísku siðgæði“

□ Þjóðviljinn hafði í gær samband við Magnús Kjartansson, ritstjóra, en hann dvelst nú í Lundúnum þar sem hann vinnur að bók um Vítíam-stríðið. Fara orð Magnúsar hér á eftir.

— Ég hef áður lýst afstöðu minni til þróunarinnar í Tékkóslóvakíu. Ég hef í þessu sambandi eins og áður lagt áherslu á, að virða yðri sjálfsákvörðunarrétt Tékkka og Slóvaka og ég hef fagnað þeirri lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað í Tékkóslóvakíu. Þetta kom m. a. fram með undirskrift minni undir skjal, sem undirritað var af eitt hundrad íslenzkum sósíalistum og birtist í Þjóðviljanum.

Innrás Sovétríkjanna og annarra Varsjárbandalagsríkja í Tékkóslóvakíu er að mínu áliti brot á alþjóðlegum reglum og á móti sósíalískum viðhorfum og öllu mannlugu siðgæði. Ég hef hins vegar talið ástæðu til þess að fagna því að Tékkóslóvakar eiga ekkert blað, sem tekur svarið herveldisins og enn virðist hörgull á mönnum með „Morgunblaðs“-viðhorf í Tékkóslóvakíu, sem eru reiðubúin til þess að verja innrás ríkjanna fimm.

Heimildarmaður að frétt útvarpsins í Brno um að Dubcek myndi taka aftur við forystu flokksins var sagður vera Gustav Husak, einn nánasti samverkamaður hans, sem var einn þeirra sem tóku þátt í viðræðunum í Moskvu. Husak er einnig sagður hafa farið fram á að þingi Kommúnistaflokks Slóvakíu yrði frestað þar til hann og Dubcek gætu mætt á því.

Fréttir frá Tékkóslóvakíu eru annars óljósar og eru helst hafðar eftir útvarpsstöðvum sem starfa á laun. Samkvæmt þeim hefur viðnám Tékkka og Slóvaka gegn hernámsliðinu enn farið vaxandi og lýsti sér í nótt m. a. í því að fjarlægð voru eða eyðilögð götu- og vegaskilti í því skyni að gera hinum erlendu hersveitum og lögregluþíð þess erfiðara fyrir. Fréttir bárust af allmikilli skothríð í Prag í nótt, en ekki er vítað um manntjón.

Útvarpið í Moskvu skýrði frá því í dag að fjórir sovétzki hermenn hefðu látið lífið í Tékkóslóvakíu síðan innrásin hófst fyrir fjórum dögum.

Skýrsla frá ríkisstjórninni

Útvarpsstöðin Frjáls Prag byrjaði aftur að senda út tilkynningar kl. 4,30 í morgun eftir staðarþíma, eftir að hafa útvarpað léttari tónlist alla nóttina til merkis um að hún væri enn starfrækt. Fyrst var lesin upp skýrsla frá ríkisstjórnarfundinum sem haldinn hafði verið daginn áður. Á þessum fundi höfðu þrjú mál verið rædd: skýrsla um samvinnuina við hina nýju miðstjórn kommúnistaflokksins, skýrsla um starf fjölmíðlunar-tækja hernámsdagana og skýrslur frá ýmsum ráðherra um starfssvið þeirra.

Handtaka Cerniks

Samkvæmt frásögn útvarpsstöðvarinnar fékk ríkisstjórnin upplýsingar um það hvernig handtöku Oldrich Cerniks, forsætisráðherra, bar að höndum. Sagði stöðin svo frá, að kl. þrjú um nóttina hefðu sovétzki hermenn ráðið inn á skrifstofu forsætisins og neytt alla, sem voru staddir þar, að raða sér upp meðfram vegg með hendur upp fyrir höfuð. Síðan hefði Cernik

verið leiddur út með byssusting við bakíð. Tuttugu mín. síðar hefði Alexander Dubcek hringt og sagt að aðstaða hans væri nokkru betri. Þá hefðu sovétzki hermennirnir slitið símalínur úr skiptiborði hússins.


Ávarp frá Cisar

Cestmir Cisar, sem er einn af riturum tékkóslóvaska kommúnistaflokksins, sagði í útvarpsstöðina frjáls Prag í gær, föstudag, að hann áliti að hægt mundi vera að koma því til leiðar að allt er-

lent herlið yrði kallað burt frá Tékkóslóvakíu, og hann hefði kallað saman fullskipaðan fund í tékkóslóvaska þjóðarráðinu til að ræða það.

Útanríkisráðherra Tékkóslóvakíu, Jiri Hajek, kom til New

York á föstudagskvöld, meðan Öryggisráðið var að ræða tillögu kanadíska fulltrúans um að fela Ú Pant, framkvæmdastjóra SP að senda fulltrúa sinn til Prag til að tryggja öryggi leiðtoga Framhald á 9. síðu.



Þessi mynd var tekin kl. 10 í gærmorgun framan við Norræna húsið, er þjóðfánar Norðurlandanna voru dregnir að húni í upphafi vígsluathafnarinnar. — Ljós. Þjóðv. A. A.

Um 300 voru viðstaddir vígslu Nor- ræna hússins í Reykjavík í gærðag

□ Norræna húsið í Reykjavík var vígt í gærmorgun. Þar með var opnuð fyrsta sameiginlega menningarmiðstöð sinnar tegundar á Norðurlöndum. Húsið er sjálfseignarstofnun og rekið af Norðurlöndunum í sameiningu.

□ Vígslan hófst með því að forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, flutti ávarp. Opunaráhitið hófst um klukkan 10 f.h. og stóð yfir með hádegisverðarhléi þar til samnorrænni dagskrá í Þjóðleikhúsinu var lokið um kvöldmatarleytið.

Lúðrasveit Reykjavíkur lék fyrir utan Norræna húsið frá klukkan 9.30 í gærmorgun og klukkan 10 voru fánar allra Norðurlanda dregnir að húni.

Þá voru flutt ávörp og tók fyrstur til máls forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn. Á eftir honum talaði forseti Norðurlandaráðs, Sveinn Stray, alþingismaður. Aðrir ræðumenn voru Halldór Laxness, rithöfundur, formaður byggingarnefndar, Eilíf Thraue, skrifstofustjóri, menntamálaráðherra Íslands dr. Gylfi Þ.

Þíslason, formaður stjórnarinnar, Ármann Snaevarr, háskóla- og leikur, Erik Eriksen, fyrirverandi forsætisráðherra Danmerkur fyrir hönd Norræna félagsins og Sigurður Bjarnason, alþingismaður fyrir hönd Norræna félagsins á Íslandi.

Fyrirhugað hafði verið að Per Borten, forsætisráðherra Noregs yrði viðstaddur vígsluna en hann hætti við för sína hingað vegna ástandsins í heimsmálunum. Í stað hans flutti Kjeld Bondevik, menntamálaráðherra Noregs ávarp og síðan forsætisráðherra

Bjarni Benediktsson, íslenzkur stórkvartett lék Ópus 21 og 36 eftir Jón Leifs, eftir að margt hafði verið gott sagt um norræna samvinnu og norræna menningu.

Eftir það héldu boðsgestir sem voru um 300, að Hótel Sögu þar sem reiddur var fram hádegisverður í boði Norræna hússins.

Vígsluathöfnin hélt síðan áfram eftir hádegisverðarhléið og flutti Ívar Eskeland, framkvæmdastjóri Norræna hússins stutta ræðu sem birtist á bls. 2 í Þjóðviljanum í dag. Síðan fór fram afhending á fjölmörgum gjöfum til Norræna hússins og verður þeirra nánar getið í blaðinu eftir helgina.

Eins og getið hefur verið um í fréttum stendur yfir norræn hand- og listiðnaðarsýning í Norræna húsinu. Þar sýna listamenn frá öllum Norðurlöndunum. Þeir sem sýna af Íslands hálfu eru Jónína Guðnadóttir, Haukur Dór Sturluson, Kolbrún Sv. Kjarval,

Guðbrandur Jezorski, Símon Ragnarsson, Leifur Kaldal, Gunnsteinn Gíslason, Dóra Jónsdóttir, Ásdís Thoroddsen Jón Hólm, Jens Guðjónsson, Sigrún Jónsdóttir, Ásgerður Búadóttir, Vigdís Kristjánsdóttir og Guðrún Vigfúsdóttir. Á sýningunni eru sýnishorn af því bezta sem til er í list- og handiðnaði á Norðurlöndum.

Framhald á 9. síðu.

Brotizt inn í Silturtunglið

Í fyrrinótt handsamaði lögreglan í Reykjavík þrjá unga pilti í veitingahúsinu „Silturtunglið“ við Snorrabraut.

Höfðu piltarnir brotizt þangað inn, en þegar lögreglan kom á vettvang fannst ekkert þýfi á piltunum.

ÍSLANDSMÓTIÐ



I. DEILD

KEFLAVÍKURVÖLLUR

Í dag kl. 4 leika


ÍBK:KR

MÓTANEFND.

Lengið sólarylinn

hér fæst lýsispelinn


Fiskhöllin



KOMMÓÐUR

— teak og eik

Húsgagnaverzlun Axels Eyjólfssonar



Frá Raznoexport, U.S.S.R.

2-3-4-5 og 6 mm.

Aog B gæðaflokkar Mars Trading Company hf

Laugaveg 103

sími 173 73



Útför konunnar minnar,

ÞÓRNÝJAR FRÍÐRIKSDÓTTUR,
Hallormsstaðfer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 27. ágúst
klukkan 10.30 f.h.

Hrafn Sveinbjarnarson.

Hjartkær maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi

LÁRUS KNUDSEN SIGMUNDSSON,

Prastargötu 7

andaðist í Landspítalanum 24. þ.m.

Fyrir hönd aðstandenda
Sigríður Jónsdóttir,
börn, tengdabörn og barnabörn.

Myndir frá vigslu Norræna hússins í gærðag



Ivar Eskeland, framkvæmdastjóri Norræna hússins, ávarpar gesti í upphafi vigsluathafnarinnar í gærkvöld. — Ljós. Þjóðv. A. A.



Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, flytur ræðu sína við vigslu Norræna hússins í gærmorgun. — Ljós. Þjóðv. A. A.

Tékkóslóvakía

Framhald af 1. síðu.

Tékkóslóvakíu. Hajek ræddi við Ú Pant skómmu eftir komuna til New York.

Stuttu áður en Hajek kom, var sagt opinberlega frá skeyti, sem forseti Öryggisráðsins hafði fengið. Skeytið var frá Ota Sik sem er helztur þeirra manna úr ríkisstjórn Tékkóslóvakíu, sem dveljast erlendis, og lýsti hann yfir því, að Hajek hefði umboð til að vera fulltrúi Tékkóslóvakíu á vettvangi Sp og Öryggisráðsins. Sagði Sik, að hann hefði ráðfært sig við þá meðlimi ríkisstjórnarinnar sem eru staddir erlendis, og þá sem eru frjálsir í Prag.

Sik farinn frá Rúmeníu

Ota Sik, varaforsetisráðherra Tékkóslóvakíu, og Frantisek Vlasak, ætíðarmálaráðherra, sem voru staddir í Júgóslavíu þegar innrásin var gerð, fóru frá Búkarest í dag eftir stutta dvöl. Paul Niculescu-Mizil, fulltrúi í framkvæmdanefnd rúmenska kommúnistaflokksins, og Georg Macovescu, fyrsti varatanríkisráðherra, fylgdu tékknesku stjórnsmálamönnum á flugvöllinn. Ekki var tilkynnt hvert ferð þeirra væri heitið, en síðar bárust þær fréttir að þeir væru komnir aftur til Júgóslavíu.

Ungverjar gagnrýna Ceausescu

Ungverska stjórnarblaðið „Magyar Hirlap“ réðst í dag á Nicolas Ceausescu, forseta Rúmeníu fyrir mótmæli hans gegn innrásinni í Tékkóslóvakíu. — Hvernig er það hugsanlegt, spyr blaðið, að kommúnistaflokkur ráðist gegn Sovétríkjunum, hinna bróðurlegu samheldni sósíalistískra landa og raunhæfir hjálp við bráðarþjóð, í nafni frélsis og marx-lenínistískra grundvallarreglna? Blaðið ber saman yfirlýsingu Johnsons Bandaríkjaforseta og yfirlýsingu Ceausescus, og segir að yfirlýsing Johnsons komi engum á óvart, en það sé sársaukafullt þegar leiðtogi sósíalistísks lands fordæmi sósíalistískt ríki sem geri skyldu sína.

Norræna húsið

Framhald af 1. síðu.

Á norrænni hátíðardagskrá sem flutt var í Þjóðleikhúsinu síðari hluta dags í gær komu fram ýmsir þekktir, norrænir listamenn. Meðal þeirra voru Brynjólfur Jóhannesson, Per Aabel, Gunnar Turesson, Solveig Östergaard, Arne Bech og Guðrún A. Símonar.

Þótti dagskráin takast vel, svo og opnunarhátíðin í heild. Þess má geta að lokum að meðal boðsgesta var prófessor Alvar Aalto frá Finnlandi, sá er teiknaði Norræna húsið.

Kaupið

Minningarkort
Slysavarnafélags
Íslands

Óhagstæður vöruskiptajöfnuður

Framhald af 12. síðu.

Íslenskar afurðir og fyrir samantals 2508,7 milj. króna, en innflutningurinn nam á sama tíma 4439,2 miljónum. Vöruskiptajöfnuðurinn hefur því orðið óhagstæður á þessu tímabili um 1930,5 miljónir.

Sömu mánuði í fyrra varð verzlunarfögnuðurinn óhagstæður um 1764,6 milj. króna. Á því tímabili nam útlutningurinn alls 2367,9 milj. króna en innflutningurinn 4132,5 miljónum.

Sjö fyrstu mánuði ársins hafa verið keypt skip til landsins fyr-

ir 174,5 miljónir króna, á sama tímabili í fyrra nam andvirði keyptra skipa hingað 273,1 miljón. Flugvélar hafa í ár verið keyptar til landsins fyrir 133 miljónir, en í fyrra námu slík kaup 230,7 milj. króna. Andvirði innflutnings til Búrfellsvirkjunar nam í ár 250,8 milj. króna, þar af voru fluttar inn vörur til virkjunarframkvæmda í júlí fyrir 36,2 milj. í fyrra á sama tímabili nam andvirði innflutnings til Búrfellsvirkjunar 84,9 milj. kr. Innflutningur til Íslenska álfelagsins hf. nam fyrstu sjö mánuði ársins 148,3 milj. króna, þar af í júlí 45,7 milj.

Tölur inn- og útlutnings 1967 eru reiknaðar á því gengi, sem gildi fyrir gengisbreytingu í nóvember 1967, en tölur 1968 eru miðaðar við það gengi, er tók gildi 24. nóvember 1967.

Flugmenn í fangaklæðum

Framhald af 7. síðu.

ekki hvers konar sprengja þetta er.

R: Það er alveg rétt.

R: Ég þakka yður fyrir þessa yfirlýsingu. — Ringsdorf yfirlýsforingi, þér hafið sagt að unnusta yðar biði eftir yður í Bandaríkjunum. Er það falleg stúlka?

R: Mjög falleg.
S: Við gefum yður tækifæri til að segja nokkur orð sem kveðju til unnustu yðar. Ef þér lítið í þessa myndavél, er hugsanlegt að unnusta yðar sjái yður og heyri einhvern tíma. Viljið þér nota tækifærið?

R: Ég veit sannarlega ekki hvað ég á að segja nema ég sakna þín mikið og vona að ég komi bráðum heim.

S: Og þér vonið sennilega líka að hún biði eftir yður?

R: Það er alveg áreiðanlegt.
S: Það liggur bréf á stólnum yðar.

R: Já, það væri fallega gert ef þér vilduð senda það til foreldra minna og unnustu.

S: Við lofum yður að sjá um það.

R: Ég er yður mjög þakklátur fyrir það.

Loftskýtamenn

Framhald af 12. síðu.

stjórnarmeðlimum Fél. ísl. loftskýtamanna, sögðu þeir ráðstefnuna hafa verið mjög lærdómsríka og hefðu þeir í umræðunum einbeitt sér að þeim vandamálum sem fylgdu aukinni sjálfvirkni í loftskýtaútbúnaði skipa, þ.e. þörfinni á aukinni menntun loftskýtamanna vegna hins nýja og flókna tækjaútbúnaðar og framtíðarvandamálinu að treysta um of sjálfvirkum útbúnaði í neyðartilfellum. — Einnig kváðust þeir hafa rátt launamál sín og atvinnuskilyrði, en engar ályktanir gert um umræðuefnið.

LÉTU ERLENDU gestirnir mjög vel yfir dvöl sinni hér og móttökum að hálfu Félags ísl. loftskýtamanna, þeir munu dveljast hér eitthvað fram í næstu viku og ferðast um landið í boði félagsmanna.

Höfum opnað í nýju húsnæði í
SKEIFAN 3 B

Arthugið breytt símanúmer:

84480 — 84481

verkfæri & járnvörur h.f.



VÖR VINNUGOT BEZT